139

54. gr.

Kostnaður sá, sem að öðru leyti leiðir af framkvæmd á þessari samþykkt, og ekki verður krafinn af einstökum mönnum, greiðist úr bæjarsjóði.

55. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál og skulu allar sektir fyrir brot á henni renna í bæjarsjóð.

56. gr.

Samþykkt þessi skal birt í B.-deild Stjórnartíðindanna og auk þess prentuð sjerstaklega á kostnað kaupstaðarins til útbýtingar meðal allra húsráðenda í kaupstaðnum.

57. gr.

Breytingar á samþykkt þessari og viðauka við hana skal gjöra á sama hátt og samþykktina sjálfa.

Reykjavík, 14. nóv. 1895.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

140

Reikningur

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Guttorms prófasts Þorsteinssonar 1894.

Tekjur:

1.	Í sjóði 1. janúar 1894: Innritunarskírteini A. fol. 91 . . .	kr.	1600 00
2.	Vextir frá 11. júní 1893 til 11. júní 1894	—	56 00
	Samtals	kr.	1656 00

Gjöld:

1.	Styrkur veittur Jóni Jónssyni á Hróaldsstöðum	kr.	56 00
2.	Í sjóði við árslok: Innritunarskýrteini A. fol. 91 . . .	—	1600 00
	Samtals	kr.	1656 00

Skrifstofa austuramtsins, Akureyri, 15. jan. 1895.

Páll Briem.